

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (Viðaukar).

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

1. gr.

Í stað orðanna „I-V“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: I, II og IV.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „I-III“ í 1. mgr. kemur: I og II.
- b. Orðin „og V“ í 1. mgr. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „III-V“ í 1. mgr. kemur: IV.
- b. Í stað orðanna „I-V“ í 2. mgr. kemur: I-IV.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Orðin „III og“ í 1. másl. 4. mgr. falla brott.
- b. Nýr máslíður bætist við 4. mgr., svohljóðandi:
Jafnframt skal kveða á um umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir og gæðastjórnun eftir því sem við á hverju sinni.
- c. 5. mgr. fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „I-V“ í 40., 54. og 55. gr. laganna kemur: I-IV.

6. gr.

10. töluliður í viðauka II með lögnum fellur brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

7. gr.

Í stað viðauka IV og V með lögnum kemur nýr viðauki, viðauki IV, svohljóðandi:

Viðauki IV.

1. Baðstaðir í náttúrunni, flokkur 1 og 2.
2. Bensínstöðvar.

3. Bifreiða- og vélaverkstæði.
4. Bifreiðasprautun.
5. Bón- og bílaþvottastöðvar.
6. Dvalarheimili.
7. Dýragarðar.
8. Dýralæknastofur.
9. Dýraspítalar.
10. Efnalaugar.
11. Eldi alifugla, annað en í viðauka I.
12. Eldi svína, annað en í viðauka I.
13. Endurnýting úrgangs.
14. Endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs.
15. Fangelsi og fangagæsla.
16. Fjallaskálar, nema sæluhús.
17. Flugeldasýningar.
18. Flugvellir, þar sem er áætlunarflug til.
19. Flutningur úrgangs.
20. Framhaldsskólar.
21. Framleiðsla á áfengi, gosdrykkjum, og vatni
22. Framleiðsla á hreinsi- og þvottaefnum.
23. Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum.
24. Framleiðsla á olíu og feiti.
25. Framleiðsla fóðurs.
26. Framleiðsla glers, önnur en í viðauka I.
27. Framleiðsla leirvara með brennslu, önnur en í viðauka I.
28. Framleiðsla plasts, önnur en í viðauka I.
29. Geymsla gass.
30. Gististaðir, að undanskilinni heimagistingu.
31. Grunnskólar.
32. Heilsugæslustöðvar.
33. Heilsuræktarstöðvar.
34. Heitloftspurrkun fiskafurða, önnur en í viðauka I.
35. Hreinsivirki fráveitu, sem meðhöndlar meira en 50 pe
36. Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.
37. Íþróttahús.
38. Íþróttamiðstöðvar.
39. Íþróttavellir.
40. Jarðborun.
41. Kaffivinnsla.
42. Kjötvinnsla, önnur en í viðauka I.
43. Leikskólar.
44. Leiksvæði.
45. Líkbrennslur.
46. Loðdýrarækt.
47. Meðhöndlun asbests.
48. Meðhöndlun seyru, þ.m.t. flutningur, notkun og hreinsun.

49. Mjólkurbú og ostagerð, önnur en í viðauka I.
50. Mjöl- og lýsisvinnsla, önnur en í viðauka I.
51. Móttökustöðvar fyrir úrgang, aðrar en sem eru í viðauka I og II.
52. Nálastungustofur.
53. Niðurrif bifreiða og bílapartasölur.
54. Niðurrif mannvirkja.
55. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla, önnur en í viðauka I.
56. Prentun, þar sem er notkun á mengandi efnum.
57. Ryðvarnarverkstæði.
58. Saltvinnsla.
59. Sjúkrahús.
60. Sjúkrastofnanir.
61. Skemmti- og þemagarðar, þ.m.t. tívolí.
62. Skotvellir.
63. Sláturhús, önnur en í viðauka I.
64. Smurstöðvar.
65. Starfsmannabúðir.
66. Steypustöðvar.
67. Steypueiningaverksmiðjur.
68. Stofur, þar sem aðgerðir eru framkvæmdar, svo sem læknastofur og fótaðgerðastofur.
69. Sund- og baðstaðir.
70. Tannlæknastofur.
71. Tjald- og hjólhýsasvæði.
72. Útihátíðir.
73. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
74. Veitingastaðir.
75. Vinnsla á hrájárni eða stáli, önnur en í viðauka I.
76. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I.
77. Vinnsla gúmmís.
78. Vinnsla jarðefna, önnur en í viðauka I.
79. Vinnsla járnlausra málma, önnur en í viðauka I.
80. Vinnsla málma, önnur en í viðauka I.
81. Virkjanir og orkuveitur yfir 2 MW.
82. Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, önnur en í viðauka I.
83. Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna, önnur en í viðauka I.
84. Þvottahús, þ.m.t. ullarþvottastöðvar.

8. gr.

Gildisstaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2020.

9. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015, með síðari breytingum:

1. Orðin „og starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða skráningu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 6. og 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998“ í 1. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Í því eru lagðar til breytingar á útgáfu starfsleyfa og gerðar breytingar á viðaukum laganna.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með lögum nr. 66/2017 var gerð breyting á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og nýjum viðaukum bætt við lögin. Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru fimm viðaukar þar sem talin er upp sú starfsemi sem þarf að hafa starfsleyfi frá annað hvort Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi á viðaukum I-III og heilbrigðisnefndir á viðaukum IV-V. Í frumvarpi til laga, sem varð að lögum nr. 66/2017, var lagt upp með að Umhverfisstofnun myndi einungis gefa út starfsleyfi samkvæmt lögnum en niðurstaðan varð eins og áður segir að viðaukum laganna var skipt á milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda. Í lögnum er því að finna misræmi milli viðauka og dæmi eru um að sama starfsemi komi fyrir á tveimur viðaukum sem tilheyra hvor sínu stjórnvaldinu. Nauðsynlegt er því að laga misræmi milli viðauka til þess að auka á skýrleika laganna.

Þá er tímabært að endurskoða viðauka með hliðsjón af reynslu við framkvæmd laganna og að meta hvort tiltekna starfsemi vanti í viðauka við lögin sem og hvort einhver starfsemi sem tilgreind er í viðaukunum megi falla á brott.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar kemur fram að átak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings. Jafnframt er lögð áhersla á að stjórnsýsla sé skilvirk og réttlát. Með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar eru lagðar til í frumvarpinu breytingar á útgáfu starfsleyfa með því að fækka þeirri starfsemi sem háð er útgáfu starfsleyfa. Í mörgum tilvikum er ekki nauðsynlegt að kveða á um starfsleyfisskyldu til að ná fram markmiðum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fyrirtæki bera ábyrgð á að starfa í samræmi við gildandi löggjöf hverju sinni og hafa stjórnvöld m.a. það hlutverk að leiðbeina þeim um gildandi reglur. Telja verður að í mörgum tilvikum geti stjórnvöld leiðbeint rekstraraðilum nógu vel án þess að starfsleyfisskylda sé til staðar. Stjórnvöld hafa síðan eftirlit með starfseminni til að ganga úr skugga um að hún sé í samræmi við löggjöfina. Með hliðsjón af framangreindu hefur ráðuneytið lagt mat á hvaða starfsemi þurfi starfsleyfi. Í frumvarpinu er lagt til að dregið verði úr vægi starfsleyfisskyldu og miðað við að einungis verði gerð krafa um að starfsemi sé háð starfsleyfi þegar þess er þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar. Í viðaukum I og II er að finna lista yfir starfsemi sem er háð starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Lagt er til að fækka þeirri starfsemi sem er að finna á viðaukum IV og V og fella niður starfsleyfis- eða skráningarskyldu tiltekinnar starfsemi. Í frumvarpinu er lagt til að um 70 flokkar starfsemi verði ekki lengur starfsleyfis- eða skráningarskyldir. Þá er lagt til að sameina viðauka IV og V. Nánar er gerð grein fyrir þessum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru fimm viðaukar eins og áður segir. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi á viðaukum I-III og heilbrigðisnefndir á

viðaukum IV og V. Í núgildandi lögum er einkum um að ræða skörun á milli viðauka III og IV. Það eru einkum tvær mögulegar leiðir til þess að laga misræmi á milli viðauka. Annars vegar að skipta þeirri starfsemi sem talin er upp í viðauka III á milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar með hliðsjón af öðrum viðaukum laganna. Hins vegar að líta svo á að viðauki III hafi ekki að geyma sjálfstæða upptalningu á starfsemi sem þarf að hafa starfsleyfi heldur sé sú starfsleyfi sem er talin upp á öðrum viðaukum tæmandi talin. Viðauki III mun þá innihalda listi yfir starfsemi, sem jafnframt er að finna á öðrum viðaukum laganna, og útgefandi starfsleyfis þarf að setja sérstök efnisákvæði í starfsleyfi starfsemi sem er á viðauka III. Í frumvarpinu er lagt til að breyta lögnum með þeim hætti að viðauki III hafi að geyma lista yfir starfsemi þar sem útgefandi starfsleyfis þarf að setja sérstök efnisákvæði í starfsleyfi.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til mats á samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Áform um lagasetningu og mat á áhrifum fór í innra samráð 7. júní 2019 og í ytra samráð í samráðsgátt 9. júlí 2019 til 23. ágúst 2019. Þrjár umsagnir bárust og voru þær hafðar til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Þá skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp í maí 2019 sem hefur það hlutverk að endurskoða viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í starfshópunum hefur verið unnið að drögum að nýjum viðaukum sem hafðir voru til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. [Umfjöllun um samráð varðandi drög að frumvarpi]

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna. Í frumvarpinu er lagt til að fækka þeirri starfsemi sem þarf að hafa starfsleyfi eða er skráningaskyld. Í þeim tilvikum þurfa fyrirtæki ekki lengur að sækja um starfsleyfi og vera háð reglulegu eftirliti stjórnvalda. Það er hins vegar rétt að taka fram að þessi fyrirtæki þurfa eftir sem áður að uppfylla ákvæði laganna og reglugerða settum á grundvelli þeirra og stjórnvöld hafa áfram heimildir til þess að bregðast við í þeim tilvikum þar sem misbrestur verður á reglufylgni, svo sem með beitingu þvingunarúrræða. Frumvarpið mun hafa jákvæð áhrif á þann atvinnurekstur þar sem ekki lengur verður gerð krafa um útgáfu starfsleyfis eða skráningu atvinnurekstursins.

Frumvarpið hefur áhrif á stjórnsýslu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Frumvarpið mun draga úr umfangi vinnu Umhverfisstofnunar við útgáfu starfsleyfa þar sem einn flokkur starfsemi færir frá stofnuninni til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldist óbreytt verði frumvarpið samþykkt. Hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga mun frumvarpið leiða til þess að umsvif þeirra við útgáfu starfsleyfa og við reglubundið eftirlit mun minnka frá og með 1. júlí 2020. Það mun hafa í för með sér að tekjur heilbrigðisnefnda af útgáfu starfsleyfa og reglulegu eftirliti mun minnka en á móti kemur að veitt þjónusta dregst að sama skapi saman. Um leið geta nefndirnar lagt meiri áherslu á að sinna eftirliti með starfsemi sem áfram verður starfsleyfis- og skráningarskyld og er í hærri áhættuflokki. [Áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi mun fara mat á áhrifum frumvarpsins á sveitarfélög í samræmi við sveitarstjórnarlög]

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 5. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að viðaukar IV og V verði sameinaðir í einn viðauka, viðauka IV, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Til samræmis við þá breytingu eru lagðar til breytingar á greinum laganna þar sem vísað er til viðauka laganna.

Um 2. og 3. gr.

Í a-lið er lagt til að breyta lögunum með þeim hætti að viðauki III hafi ekki að geyma sjálfstæða upptalningu á starfsemi sem þarf að hafa starfsleyfi heldur sé listi yfir starfsemi þar sem útgefandi starfsleyfis þarf að setja sérstök efnisákvæði í starfsleyfi. Af þeim sökum er tekin út tilvísun til viðauka III. Í b-lið er lögð til breyting þar sem viðaukar IV og V eru sameinaðir í einn viðauka, viðauka IV, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting þar sem viðaukar IV og V eru sameinaðir í einn viðauka, viðauka IV, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Lagt er til að 5. mgr. 9. gr. laganna falli brott og efnisákvæði þeirrar málsgreinar verði bætt við 4. mgr. 9. gr. laganna.

Um 6. gr.

Í greininni er lögð til breyting á útgáfu starfsleyfa hvað varðar pappírframleiðslu. Lagt er til að útgáfa starfsleyfis færist frá Umhverfisstofnun til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á útgáfu starfsleyfa og miðað við að einungis verði gerð krafa um að starfsemi sé starfsleyfis- eða skráningarskyld þegar þess er þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar. Við vinnslu frumvarpsins voru núverandi listar yfir starfsemi skoðaðir og lagt mat á hvort ástæða væri að bæta við tiltekinni starfsemi á listana eða taka starfsemi af þeim. Sú starfsemi sem er starfsleyfisskyld í dag hefur verið áhættumetin, þar sem horft er til mögulegrar áhættu af viðkomandi starfsemi á umhverfið og heilsu manna.

Við mat á því hvort starfsemi skuli vera háð starfsleyfi eða skráningu var byggt á áhættumati af viðkomandi starfsemi. Þannig er lagt til í frumvarpinu að sú starfsemi sem skorar hátt í áhættumati verði áfram starfsleyfis- eða skráningarskyld en sú starfsemi, sem skorar lágt verði ekki háð starfsleyfis- eða skráningarskyldu. Í einhverjum tilvikum var vikið frá þessari almennu reglu og starfsemi, með lága áhættu, haldið áfram inni, svo sem gististaðir. Jafnframt var tekið tillit til þess hvort starfsemin væri líka háð öðrum leyfum samkvæmt annarri löggjöf og var starfsleyfisskylda þá felld niður.

Rétt er að taka fram að þau fyrirtæki, sem verða hvorki starfsleyfis- og skráningarskyld, þurfa eftir sem áður en uppfylla ákvæði laga og reglugerða settum á grundvelli þeirra og að stjórnvöld hafa áfram heimildir til þess að bregðast við í þeim tilvikum þar sem misbrestur verður á reglufylgni, svo sem með beitingu þvingunarúrræða.

Dæmi um fyrirtæki sem skora lágt í áhættumati eru gámastöðvar þar sem áhrif af starfseminni eru lítil á umhverfið og því fellur starfsleyfisskylda niður. Um er að ræða grenndarstöðvar, s.s. við sundlaugar og hverfisverslanir. Jafnframt skora almenningssalerni lágt í áhættumati þar sem þau hafa lítil áhrif á heilsu manna. Þá er takmörkuð starfsemi á biðstöðvum leigubifreiða og á bið- og endastöðvum strætisvagna svo dæmi séu tekin. Þá var tekið tillit til þess hvort starfsemi væri líka háð öðrum leyfum samkvæmt annarri löggjöf og var starfsleyfisskylda þá felld niður. Dæmi um þetta er garðaúðun og meindýravarnir en notkun varnarefna er háð notendaleyfi samkvæmt efnalögum. Þá eru brennur háðar leyfum

sýslumanna. Að lokum er gerð tillaga um að safnliðir um ótilgreinda starfsemi verði felldir niður, svo sem önnur sambærileg starfsemi, til þess að auka á skýrleika laganna.

Hér að neðan er listi yfir þá starfsemi þar sem starfsleyfis- eða skráningarskylda fellur niður verði frumvarpið að lögum. Þó er rétt að vekja athygli á að neðangreind starfsemi kann að vera áfram starfsleyfis- eða skráningarskylda ef hún fellur að einhverju marki undir töluliði sem eru í nýjum viðauka IV við lögin.

1. Nagla- og skrúfuframleiðsla
2. Vélaframleiðsla
3. Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmiðnaði, rafiðnaði og tækjagerð
4. Steinsmíði
5. Önnur sambærileg starfsemi með jarðefni.
6. Framköllun t.d. á ljós, röntgen og kvikmyndum
7. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
8. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað
9. Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
10. Rannsóknarstofur þar sem notuð eru eða geymd hættuleg efni eða meðhöndluð sóttmengun sýni.
11. Önnur starfsemi með sambærileg efni
12. Trésmíðaverkstæði
13. Sögunarmyllur
14. Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þess háttar
15. Önnur sambærileg starfsemi með vinnslu og úrvinnslu á efnum úr jurta og dýraríkin
16. Niðursuðuverksmiðjur
17. Reykhús og reykofnar
18. Kartöfluvinnsla, önnur en í viðauka I
19. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
20. Lauksteikingarverksmiðjur
21. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
22. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni, önnur en í viðauka I
23. Kæli og frystigeymslur
24. Önnur sambærileg matvælavinnsla.
25. Kanínurækt
26. Hestahald
27. Hunda- og kattageymslur
28. Gæludýraverslanir
29. Önnur sambærileg starfsemi með búfjár og dýrahald
30. Kappaksturs, æfinga og kennslubrautir
31. Vöruflutningarmiðstöðvar
32. Biðstöðvar leigubifreiða
33. Bið- og endastöðvar strætisvagna
34. Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða
35. Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi
36. Önnur sambærileg starfsemi fyrir vélknúin farartæki
37. Gámastöðvar.
38. Önnur sambærileg starfsemi
39. Stórar spennistöðvar.

40. Stórar vörugemymslur
41. Æfingasvæði slökkviliðs
42. Rekstur aðstöðu í atvinnuskyni, þ.m.t. útleiga rýmis, fyrir hávaðasama starfsemi sem veldur truflun eða óþægindum
43. Önnur sambærileg starfsemi
44. Geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva.
45. Brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en tvo tíma (áramót – Jónsmenns – ýmsir viðburðir)
46. Ýmiss konar tímabundin aðstaða, svo sem farandsalerni, farandeldhús og vinnubúðir sem tengjast tímabundnum framkvæmdum.
47. Akstursíþróttasvæði
48. Almenningsalerni
49. Daggæsla í heimahúsum með sex börn eða fleiri
50. Dýragæsla.
51. Dýrasnyrtistofur.
52. Fótaaðgerðastofur og fótsnyrtistofur
53. Frístundahúsasvæði
54. Garðaúðun
55. Gæludýraverslanir
56. Hársnyrtistofur
57. Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri
58. Hestaleigur og reiðskólar
59. Kírópraktorar
60. Meindýravarnir
61. Nuddstofur
62. Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn
63. Samgöngumiðstöðvar og almenningsamgöngutæki
64. Samkomuhús
65. Sjúkraþjálfun
66. Snyrtistofur
67. Sólbaðsstofur
68. Starfsmannabústaðir
69. Verslunarmiðstöðvar
70. Vöruflutningamiðstöðvar
71. Önnur sambærileg starfsemi

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum vísað til starfsleyfis heilbrigðisnefndar eða skráningarskyldu. Í frumvarpinu er lagt til að starfsleyfis- og skráningarskylda falli niður og því er lögð til breyting á lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum til samræmis.

Hollustuháttafrumvarp – haust 2019

samanburðarskjal, breytingar auðkenndar á gildandi lögum og skýringar innan sviga

6. gr. Starfsleyfi.

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. einnig 14. og 15. gr.

Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.

7. gr. Útgáfa starfsleyfis.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, sbr. þó 8. gr. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka IV, sbr. þó 8. gr.

Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi.

Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna. Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.

Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting.

Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir, skráningar, sbr. 8. gr., og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.

8. gr. Skráningarskylda.

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka IV, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis, sbr. 4. og 5. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur fyrir starfsemi, sbr. viðauka I–IV, sbr. 4. og 5. gr. Hvað varðar starfsemi í viðauka I skal miða við að þessar almennu kröfur tryggi samþættar mengunarvarnir og hátt umhverfisverndarstig sem jafngildir því sem hægt er að ná með sérstökum starfsleyfisskilyrðum fyrir hverja starfsemi og að þær byggist á bestu aðgengilegu tækni.

Rekstraraðili atvinnurekstrar, sem er skráningarskyldur skv. 1. mgr., skal skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Umhverfisstofnun skal staðfesta skráningu rekstraraðila og leiðbeina honum um hvaða reglur gilda um starfsemi hans. Umhverfisstofnun skal upplýsa heilbrigðisnefndir um skráningar rekstraraðila.

9. gr. Starfsleyfisskilyrði.

Umhverfisstofnun skal tryggja að í starfsleyfi, sbr. viðauka I og II, séu öll skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að farið verði að kröfum 12. og 38. gr., sbr. þó 8. gr. Starfsleyfisskilyrði skulu að lágmarki fela í sér ákvæði um:

- a. viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna,
- b. viðeigandi kröfur sem tryggja vernd jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir varðandi vöktun og stjórnun úrgangs sem myndaður er í stöðinni,
- c. viðeigandi kröfur um vöktun losunar,
- d. upplýsingagjöf til útgefanda starfsleyfis,
- e. viðeigandi kröfur um reglulegt viðhald og eftirlit,
- f. ráðstafanir varðandi önnur skilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði,
- g. lágmarkun víðfeðmrar mengunar eða mengunar sem fer yfir landamæri, og
- h. skilyrði fyrir mati á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun.

Umhverfisstofnun skal taka mið af BAT-niðurstöðum við útfærslu starfsleyfisskilyrða.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja strangari starfsleyfisskilyrði en BAT-niðurstöður ef kveðið er á um það í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt að setja starfsleyfisskilyrði á grundvelli bestu aðgengilegu tækni sem ekki er lýst í BAT-niðurstöðum ef kveðið er á um það í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram.

Útgefandi starfsleyfis skal tilgreina í starfsleyfi, sbr. viðauka IV, rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð og skilyrði, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitismælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Ákvæði um mengunarvarnir skulu taka mið af BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir. Jafnframt skal kveða á um umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir og gæðastjórnun eftir því sem við á hverju sinni.

40. gr. Skyldur rekstraraðila.

Rekstraraðilar, sbr. viðauka I–IV, skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 8. gr.

Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

54. gr. Eftirlit.

Eftirlit skal vera með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–IV, sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta.

Rekstraraðili skal aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur til að gera eftirlitsaðilanum kleift að framkvæma hvers kyns eftirlit með starfseminni, taka sýni og afla allra upplýsinga sem eru þeim nauðsynlegar við framkvæmd eftirlitsins.

Umhverfisstofnun skal gera eftirlitsáætlun sem taki til atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–IV, og skal áætlunin endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á.

Á grundvelli eftirlitsáætlana gerir eftirlitsaðili reglulega áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri samkvæmt viðaukum I–IV, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal, fyrir starfsemi samkvæmt viðaukum I og II, ekki vera lengra en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhættu.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

55. gr. Frávik.

Eftirlitsaðili skal hafa eftirlit með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–IV, til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir viðkomandi starfsemi.

Ef frávik verða skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um að gera hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem eftirlitsaðilinn telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfisstofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 67. gr.

Viðauki I. ...

Viðmiðunargildin, sem eru tilgreind hér á eftir, vísa almennt til framleiðslugetu eða afkasta. Ef margar tegundir starfsemi, sem fellur undir sömu starfsemislýsingu sem inniheldur viðmiðunargildi, eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þessara tegunda starfsemi lögð saman. Fyrir starfsemi við meðhöndlun úrgangs skal þessi útreikningur gilda fyrir starfsemi í lið 5.1 og a- og b-lið liðar 5.3.

1. Orkuiðnaður.

1.1 Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafli 50 MW eða meira.

1.2 Hreinsun á jarðolíu og gasi.

1.3 Koksframleiðsla.

1.4 Gösun eða þétting á:

a) kolum,

b) öðru eldsneyti í stöðvum með heildarnafnvarmafl 20 MW eða meira.

2. Framleiðsla og vinnsla málma.

2.1 Brennsla eða glæðing málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis).

2.2 Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.

2.3 Vinnsla járnríkra málma:

a) starfræksla heitvölsunarvéla með vinnslugetu yfir 20 tonnum af hrástáli á klukkustund,

b) starfræksla smiðja með hamra þar sem slagkraftur hvers hamars er meiri en 50 kílójúl og þar sem notuð varmaorka er yfir 20 MW,

c) með því að nota hlífðarlag úr bræddum málmum þar sem ílagið er meira en 2 tonn af hrástáli á klukkustund.

2.4 Starfræksla málmsteypa fyrir járnríka málma með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

2.5 Vinnsla járnlausra málma:

a) framleiðsla járnlausra hrámálma úr málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða afleiddu hráefni með málmvinnsluáðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,

b) bræðsla, þ.m.t. sambræðsla járnlausra málma, þ.m.t. endurnýtttra vara, og starfræksla málmsteypa fyrir járnlausra málma með bræðslugetu yfir 4 tonnum af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonnum af öllum öðrum tegundum málma á dag.

2.6 Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum þar sem rúmmál meðhöndlunartanka er meira en 30 m³.

3. Jarðefnaíðnaður.

3.1 Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði:

a) framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag,

b) framleiðsla á kalki í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag,

c) framleiðsla á magnesíumoxíði í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag.

3.2 Framleiðsla á asbesti eða framleiðsla vara sem eru að stofni til úr asbesti.

3.3 Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.

3.4 Bræðsla jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinefnatrefja með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

3.5 Framleiðsla leirvara með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns með framleiðslugetu yfir 75 tonnum á dag og/eða rúmtak ofns yfir 4 m³ og setþéttleika hvers ofns yfir 300 kg/m³.

4. Efnaiðnaður.

Að því er varðar þennan þátt merkir framleiðsla, í skilningi starfsemisflokka í þessum þætti, framleiðslu á iðnaðarmælikvarða með efnafræðilegri eða líffræðilegri vinnslu efna eða efnahópa sem eru taldir upp í þessum þætti.

4.1 Framleiðsla lífrænna efna, svo sem:

a) einföld vetniskolefni (línuleg eða hringlaga, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk),

b) vetniskolefni sem innihalda súrefni, svo sem alkóhól, aldehyð, ketón, karboxýlsýrur, estrar og blöndur af estrum, asetötum, eterum, peroxíðum og epoxýresínum,

c) vetniskolefni sem innihalda brennistein,

d) vetniskolefni sem innihalda köfnunarefni, svo sem amín, amíð, nitursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt og ísósýanöt,

e) vetniskolefni sem innihalda fosfór,

f) vetniskolefni sem innihalda halógen,

- g) lífræn málmambönd,
- h) plastefni (fjölliður, gervitrefjar og trefjar að stofni úr beðmi),
- i) gervigúmmí,
- j) leysilitir og fastlitarefni,
- k) yfirborðsvirk efni.

4.2 Framleiðsla ólífrænna efna, svo sem:

- a) lofttegundir, svo sem ammoníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinsambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
- b) sýrur, svo sem krómsýra, flússýra, fosfórsýra, saltpéturssýra, saltsýra, brennisteinssýra, rjúkandi brennisteinssýra, brennisteinssýrlingur,
- c) basi, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
- d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
- e) málmleysingar, málmoxíð eða önnur ólífræn efnasambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísill, kísilkarbíð.

4.3 Framleiðsla á áburði sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (eingildum eða fjölgildum áburði).

4.4 Framleiðsla á plöntuvarnavörum eða sæfivörum.

4.5 Framleiðsla á lyfjum, þ.m.t. milliefnum.

4.6 Framleiðsla á sprengiefnum.

5. Meðhöndlun úrgangs.

5.1 Förgun eða endurnýting á hættulegum úrgangi með afköstum yfir 10 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi:

- a) líffræðilega meðhöndlun,
- b) eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,
- c) blöndun áður en einhver tegund starfsemi, sem tilgreind er í liðum 5.1 og 5.2, tekur við,
- d) endurpökkun áður en einhver af þeim tegundum af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1 og 5.2, fer fram,
- e) endurheimt eða endurmyndun leysa,
- f) endurvinnsla/endurheimt ólífrænna efna annarra en málma eða málmambanda,
- g) endurmyndun sýru eða basa,
- h) endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun,
- i) endurnýting efnisþátta úr hvötum,
- j) endurhreinsun olíu eða önnur endurnotkun olíu,
- k) losun í yfirborðsvatn.

5.2 Förgun eða endurnýting á úrgangi í sorpbrennslustöðvum eða í sorpsambrennslustöðvum:

- a) fyrir hættulausan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 3 tonnum á klukkustund,
- b) fyrir hættulegan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 10 tonnum á dag.

5.3 a) Förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 50 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:

- i. líffræðilega meðhöndlun,
 - ii. eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,
 - iii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,
 - iv. meðferð á gjalli og ösku,
 - v. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.
- b) Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með

afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:

- i. líffræðilega meðhöndlun,
- ii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,
- iii. meðferð á gjalli og ösku,
- iv. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

Ef starfsemi skv. 1. mgr. felur einungis í sér meðhöndlun úrgangs þar sem fram fer loftfirrð rotnun skulu viðmiðunargildin fyrir starfsemina vera 100 tonn á dag.

5.4 Urðun, eins og hún er skilgreind í lögum um meðhöndlun úrgangs, sem tekur á móti meira en 10 tonnum af úrgangi á dag eða með heildarafkastagetu yfir 25.000 tonnum, að undanskilinni urðun á óvirkum úrgangi.

5.5 Bráðabirgðageymsla hættulegs úrgangs, sem ekki fellur undir lið 5.4, sem bíður einhverra þeirra tegunda af starfsemi sem taldar eru upp í liðum 5.1, 5.2, 5.4 og 5.6, þar sem heildarrúmtak er yfir 50 tonnum, að undanskilinni tímabundinni geymslu meðan söfnunar er beðið á þeim stað þar sem úrgangurinn verður til.

5.6 Neðanjarðargeymsla á hættulegum úrgangi með heildarrúmtak yfir 50 tonnum.

6. Önnur starfsemi.

6.1 Framleiðsla í iðjuverum á:

- a) deigi úr viði eða öðrum trefjaefnum,
- b) pappír eða pappa í verum með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag,
- c) einni eða fleiri gerðum platna sem eru að stofni til úr viði: aspenítplötum, spónaplötum eða trefjaplötum í verum með framleiðslugetu yfir 600 m³ á dag.

6.2 Formeðferð (aðgerðir eins og þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun textíltrefja eða textílefna þar sem vinnslugetan er yfir 10 tonnum á dag.

6.3 Sútun á húðum og skinnum þar sem vinnslugetan er yfir 12 tonnum af fullunninni vöru á dag.

6.4 a) Sláturhús í rekstri með framleiðslugetu yfir 50 tonnum af skrokkum á dag.

b) Meðferð og vinnsla, önnur en eingöngu pökkun, á eftirfarandi hráefnum, hvort sem er áður unnum eða óunnum, sem ætluð eru fyrir matvæla- eða fóðurframleiðslu úr:

i. hráefnum af dýrum eingöngu (öðrum en eingöngu mjólk) þar sem framleiðslugeta er yfir 75 tonnum af fullunninni vöru á dag,

ii. jurtahráefni eingöngu þar sem framleiðslugeta er yfir 300 tonnum á dag eða 600 tonnum á dag þar sem stöðin er ekki starfrækt lengur en í 90 daga í röð á neinu ári,

iii. hráefnum úr dýrum og jurtum, bæði í samsettum og aðskildum afurðum, þar sem framleiðslugeta á fullunninni vöru í tonnum er meiri á dag en:

- 75 ef A er jafnt og 10 eða meira eða,
- $[300 - (22,5 \times A)]$ í öllum öðrum tilvikum,

þar sem „A“ er hluti efnis úr dýrum (sem hundraðshluti af þyngd) af framleiðslugetu á fullunninni vöru.

Umbúðir skulu ekki taldar með í endanlegri þyngd vörunnar.

Þessi stafliður skal ekki gilda þar sem hráefnið er eingöngu mjólk.

c) Meðferð og vinnsla mjólkur eingöngu, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).

6.5 Förgun eða endurvinnsla dýraskrokka eða dýraúrgangs þar sem afkastagetu er yfir 10 tonnum á dag.

6.6 Eldi alifugla eða svína:

- a) með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla,
- b) með fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða

c) með fleiri en 750 stæði fyrir gyltur.

6.7 Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, einkum fyrir pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþéttingu, þyngingu, málun, hreinsun eða gegndreypingu, þar sem notuð eru meira en 150 kg af lífrænum leysum á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.

6.8 Framleiðsla kolefnis (fullbrenndra kola) eða skautgrafíts (e. electrographite) með brennslu eða umbreytingu í grafít.

6.9 Föngun CO₂-strauma frá stöðvum sem falla undir lög þessi til geymslu í jörðu samkvæmt lögum um loftslagsmál.

6.10 Timbur og timburafurðir eru varin með efnum, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m³ á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (e. sapstain).

6.11 Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem er losað af stöð sem fellur undir þennan viðauka.

Viðauki II. ...

1. Fiskimjölsverksmiðjur.

2. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.

3. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

4. Olíubirgðastöðvar.

5. Framleiðsla títandíoxíðs.

6. Glerullar- og steinullarframleiðsla, önnur en í viðauka I.

7. Sútunarverksmiðjur, aðrar en í viðauka I.

8. Meðferð úrgangs – förgunarstaðir úrgangs:

a) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári,

b) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 500–5.000 tonnum af úrgangi á ári,

c) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 50–499 tonnum af úrgangi á ári eða urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári eða meira,

d) urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári.

9. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, sbr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs:

a) þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári,

b) þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500–2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári eða meira,

c) þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50–499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum minna en 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári,

d) þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar.

10. (Töluliðurinn fellur niður þar sem hann er bæði á viðauka II og IV. Verður að tölulið 55 í nýjum viðauka IV)

11. Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.

12. Endurvinnsla skipa yfir 500 brúttótonnum, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs.

13. Málningarvöruframleiðsla.

14. Kítín- og kítosanframleiðsla.

Viðauki III.

1. Í hverjum eftirfarandi liða er innifalin í starfseminni hreinsun á búnaði en ekki hreinsun á vörum nema það sé sérstaklega tekið fram.

2. Límburður.

Öll starfsemi þar sem lím er borið á yfirborð, að undanskildum límburði og plasthúðun í tengslum við prentstarfsemi.

3. Húðunarstarfsemi.

Öll starfsemi þar sem sett er eitt eða fleiri samfelld lög af yfirborðsmeðferðarefni á:

a) eitthvert eftirfarandi farartækja:

i. nýjar bifreiðar skilgreindar sem ökutæki í flokki M1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki og í flokki N1 þegar þær eru húðaðar í sömu stöð og M1 ökutæki,

ii. hús á vörubifreiðum, skilgreind sem rými ökumanns, og öll sambyggð rými fyrir tæknibúnað á ökutækjum í flokkum N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB,

iii. sendibifreiðar og vörubifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB, en hús á vörubifreiðum eru þar ekki meðtalin,

iv. almenningsvagna sem eru skilgreindir sem ökutæki í flokkum M2 og M3 í tilskipun 2007/46/EB,

v. eftirvagna sem eru skilgreindir í flokka O1, O2, O3 og O4 í tilskipun 2007/46/EB,

b) mál- og plastyfirborð, þ.m.t. yfirborð á flugvélum, skipum, lestum o.s.frv.,

c) viðaryfirborð,

d) textíl-, vefnaðar-, filmu- og pappírsvfirborð,

e) leður.

Húðunarstarfsemi nær ekki yfir yfirborðsmeðferð þar sem flötur er málmhúðaður með rafdrætti eða hann er húðaður með efnasprautun. Ef húðunarstarfsemin felur í sér þrep þar sem prentað er á sama hlutinn, sama hvaða tækni er notuð, telst prentunarþrepið hluti af húðunarstarfseminni. Hins vegar er prentstarfsemi sem er rekin sem aðskilin starfsemi ekki meðtalin en getur fallið undir lög þessi ef prentstarfsemin fellur undir gildissvið þeirra.

4. Rúlluhúðun.

Hvers kyns starfsemi þar sem stálþynnur, ryðfrítt stál, húðað stál, koparblendi eða ál-ræmur eru húðaðar með himnumyndandi efni eða plasthúðaðar í samfelldu vinnsluferli.

5. Þurrhreinsun.

Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi þar sem rokgjörn, lífræn efnasambönd eru notuð í stöð til að hreinsa fatnað, áklæði og álíka neytendavörur, að undanskilinni handhreinsun bletta í textíl- og fataiðnaði.

6. Framleiðsla á skófatnaði.

Hvers kyns starfsemi sem felst í framleiðslu á fullgerðum skófatnaði eða hlutum hans.

7. Framleiðsla á yfirborðsefnablöndum, lökkum, farva og lími.

Framleiðsla á ofangreindum fullgerðum vörum og millistigsvörum þegar hún fer fram á sama stað, með blöndun á fastlitarefnum, resíni og límeffnum við lífræna leysa eða önnur burðarefni, þ.m.t. framleiðsla á þeytum og forþeyttum blöndum, stillingu á seigju og litblæ og áfyllingu fullgerðar vöru í ílát.

8. Framleiðsla á lyfjum.

Efnasmíði, gerjun, útdráttur, löggun og yfirborðsmeðhöndlun lyfja og, þegar hún fer fram á sama stað, framleiðsla millistigsvara.

9. Prentun.

Hvers kyns eftirtaka texta og/eða mynda þar sem farvi er yfirfærður á hvers kyns yfirborðsgerðir með notkun myndbera. Meðtalin er tengd tækni við lökkun, húðun og plasthúðun. Hins vegar falla einungis eftirfarandi undirferlar undir lög þessi:

a) flexóprentun – prentun þar sem myndberinn er úr gúmmí eða fjaðrandi ljósfjölliðum og þar sem prentflöturinn er upphækkaður og notaðir eru fljótandi prentlitir sem þorna við uppgufun,

b) heitþornandi offsetprentun af streng – prentun af streng þar sem notaður er myndberi þar sem bæði prentflötur og óprentaðir fletir eru í sömu hæð, þar sem prentun af streng merkir að efnið, sem prentað er á, er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir. Óprentaða svæðið er meðhöndlað til að draga að vatn og hrindir því farva frá sér. Prentflöturinn er meðhöndlaður til að taka við og flytja farva til yfirborðsins sem prenta skal. Uppgufun á sér stað í ofni þar sem heitt loft er notað til að hita prentverkið,

c) plasthúðun sem tengist prentun – samlíming tveggja eða fleiri sveigjanlegra efna til að gera lagskipta afurð,

d) djúpprentun á gæðapappír – djúpprentun á pappír fyrir tímarit, bæklinga, verðlista eða annað áþekkt, þar sem notaður er farvi sem inniheldur tólúen,

e) djúpprentun – prentun þar sem myndberinn er sívalur, prentflöturinn er neðar en óprentaðir fletir og notaður er fljótandi farvi sem þornar við uppgufun. Hólfín eru fyllt með farva og umframfarvi er þurrkaður af óprentuðu flötunum áður en sá flötur, sem prenta skal á, snertir valsann og lyftir farvanum upp úr hólfunum,

f) valsaldprentun – prentun af streng þar sem farvinn er færður á þann flöt sem prenta skal á með því að þrýsta honum í gegnum gropinn myndbera, þar sem prentflöturinn er opinn og aðrir fletir eru lokaðir, og notaður er fljótandi farvi sem þornar eingöngu við uppgufun. Prentun af streng merkir að efnið sem prenta skal á er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir,

g) lökkun – starfsemi þar sem lakk eða límlag er borið á þjálft efni, ætlað í umbúðir, í því skyni að loka síðar umbúðunum.

10. Vinnsla gúmmís.

Hvers kyns starfsemi sem felst í blöndun, mölun, pressun í sléttipressu, útpressun og súlfun á náttúru- eða gervigúmmí og hvers kyns aðrar aðgerðir sem eru notaðar til að breyta náttúru- eða gervigúmmí í fullunna vöru.

11. Hreinsun yfirborðs.

Hvers kyns starfsemi, nema þurrhreinsun, þar sem lífrænir leysar eru notaðir til þess að fjarlægja óhreinindi af yfirborði efna, þar á meðal fituhreinsun. Starfsemi við hreinsun sem samanstendur af fleiri en einu þrepi fyrir eða eftir einhverja aðra starfsemi skal líta á sem eina starfsemi við yfirborðshreinsun. Þessi starfsemi vísar ekki til hreinsunar á búnaði heldur til hreinsunar á yfirborði vara.

12. Starfsemi við útdrátt jurtaolíu og dýrafitu og hreinsun jurtaolíu.

Hvers kyns starfsemi sem felst í útdrætti jurtaolíu úr fræjum og öðru plöntuefni, vinnsla þurra leifa til framleiðslu á fóðri, hreinsun á fitu og jurtaolíum úr fræjum, plöntuefni og/eða dýraefni.

13. Lakkviðgerðir ökutækja.

Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi sem felst í húðunarstarfsemi og tilheyrandi fituhreinsun þar sem framkvæmd er annaðhvort:

a) upphafleg yfirborðsmeðferð ökutækja, eins og skilgreint er í tilskipun 2007/46/EB, eða hluta þeirra með efnum til lakkviðgerða, að því tilskildu að starfsemin fari fram utan upphaflegu framleiðslulínunnar, eða

b) yfirborðsmeðferð eftirvagna (þ.m.t. festivagna) (O-flokkur í tilskipun 2007/46/EB).

14. Húðun vafvíra.

Hvers kyns yfirborðsmeðferð málmleiðara sem notaðir eru til að vefja rafspólur í spennubreytum,

vélum o.s.frv.

15. Viðarfúavörn.

Hvers kyns starfsemi sem felst í meðhöndlun viðar með fúavarnarefni.

16. Viðar- og plastsamlíming.

Hvers kyns starfsemi sem felst í að líma saman við og/eða plast til framleiðslu á samlímdum vörum.

Viðauki IV.

(kaflaheiti fellur niður)

1.1 Málmsteypur, aðrar en í viðauka I. (Verður töluliður 80 í nýjum viðauka)

1.2 Stálmíði og stálskipagerð. (Verður töluliður 80 í nýjum viðauka)

1.3 Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur. (Verður töluliður 80 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

1.6 Vinnsla á málmum í raftækniðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði. (Verður töluliður 80 í nýjum viðauka)

1.7 Meðferð og húðun málma. (Verður töluliður 83 í nýjum viðauka)

1.8 Vinnsla á hrájárnri og stáli, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 75 í nýjum viðauka)

1.9 Bræðsla og málmblanda sem ekki er járn- eða stálvinnsla, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 79 í nýjum viðauka)

1.10 Yfirborðsmeðhöndlun með rafgreiningar eða efnafræðilegar aðferðir, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 83 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

2.1 Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum. (Verður töluliður 78 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

2.3 Steypustöðvar. (Verður töluliður 66 í nýjum viðauka)

2.4 Leirmunaverkstæði, afkastageta önnur en tilgreind í viðauka I. (Verður töluliður 27 í nýjum viðauka)

2.5 Steypueiningaverksmiðjur. (Verður töluliður 67 í nýjum viðauka)

2.6 Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám. (Verður töluliður 78 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

3.1 Fyrirtæki sem geyma klórgas. (Verður töluliður 29 í nýjum viðauka)

3.2 Lakksprautun. (Verður töluliður 82 í nýjum viðauka)

3.3 Prentiðnaðarfyrirtæki. (Verður töluliður 56 í nýjum viðauka)

3.4 Efnalaugar. (Verður töluliður 10 í nýjum viðauka)

3.5 Snýrtivöruframleiðsla. (Verður töluliður 23 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

3.9 Hreinlætisvöruverksmiðjur. (Verður töluliður 22 í nýjum viðauka)

3.10 Plastiðnaður. (Verður töluliður 28 í nýjum viðauka)

3.11 Vinnsla með plast- og frauðefni. (Verður töluliður 28 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

3.13 Gleriðnaður og speglagerð. (Verður töluliður 26 í nýjum viðauka)

3.14 Fúavörn á viði, önnur en í viðauka III, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m³ á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (e. sapstain). (Verður töluliður 82 í nýjum viðauka)

3.15 Tannlæknastofur. (Verður töluliður 70 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

4.1 Fóðurstöðvar. (Verður töluliður 25 í nýjum viðauka)

4.2 Fóðurlöndur. (Verður töluliður 25 í nýjum viðauka)

4.3 Gúmmívinnsla. (Verður töluliður 77 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

4.7 Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla. (Verður töluliður 55 í nýjum viðauka)

(Fellur undir 7. lið á II. viðauka)

4.9 Vefnaðar- og spunaverksmiðjur. (Verður töluliður 73 í nýjum viðauka)

(Fellur undir 7. lið á II. viðauka)

4.11 Ullarþvottastöðvar. (Verður töluliður 84 í nýjum viðauka)

4.12 Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 50 í nýjum viðauka)

4.13 Fitu- og lýsisvinnsla. (Verður töluliður 50 í nýjum viðauka)

4.14 Fituhersla. (Verður töluliður 50 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

5.1 Sláturhús, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 63 í nýjum viðauka)

5.2 Kjötvinnsla, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 42 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

5.5 Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 76 í nýjum viðauka)

5.6 Framleiðsla tilbúinna rétta, önnur en í viðauka I. (Verður töluliður 42 og 76 í nýjum viðauka)

5.7 Heitloftsþurrkun fiskafurða. (Verður töluliður 34 í nýjum viðauka)

5.8 Mjólurstöðvar, aðrar en í viðauka I. (Verður töluliður 49 í nýjum viðauka)

5.9 Framleiðsla mjólkurdufts. (Verður töluliður 49 í nýjum viðauka)

5.10 Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir. (Verður töluliður 21 í nýjum viðauka)

5.11 Kaffibrennsla. (Verður töluliður 41 í nýjum viðauka)

5.12 Smjörliðisgerðir. (Verður töluliður 49 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

6.1 Loðdýrarækt. (Verður töluliður 46 í nýjum viðauka)

6.2 Eldi alifugla, annað en í viðauka I. (Verður töluliður 11 í nýjum viðauka)

6.3 Eldi svína, annað en í viðauka I. (Verður töluliður 12 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

6.6 Dýraspítalar. (Verður töluliður 9 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

7.2 Alþjóðaðflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu. (Verður töluliður 18 í nýjum viðauka)

7.3 Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu. (Verður töluliður 18 í nýjum viðauka)

7.4 Bifreiða- og vélaverkstæði. (Verður töluliður 3 í nýjum viðauka)

7.5 Bifreiðasprautun. (Verður töluliður 3 í nýjum viðauka)

7.6 Ryðvarnarverkstæði. (Verður töluliður 57 í nýjum viðauka)

7.7 Smurstöðvar. (Verður töluliður 64 í nýjum viðauka)

7.8 Bensínstöðvar. (Verður töluliður 2 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

7.12 Bón- og bílaþvottastöðvar. (Verður töluliður 5 í nýjum viðauka)

7.13 Niðurrif bifreiða og bílapartasölur. (Verður töluliður 53 í nýjum viðauka)

7.14 Sorpflutningar og sorphirða. (Verður töluliður 19 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

8.1 Skólfhreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur: (Verður töluliður 35 í nýjum viðauka)

a. fyrir meira en 150.000 pe,

b. fyrir meira en 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða fyrir meira en 2.000 pe og afrennsli til ármynnis,

c. (Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

8.3 Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni. (Verður töluliður 19 í nýjum viðauka)

8.4 Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru. (Verður töluliður 48 í nýjum viðauka)

8.5 Endurnýting úrgangs. (Verður töluliður 13 í nýjum viðauka)

8.6 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla meira en 5.000 tonn af úrgangi á ári. (Verður töluliður 51 í nýjum viðauka)

8.7 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla 500–5.000 tonn af úrgangi á ári. (Verður töluliður 51 í nýjum viðauka)

8.8 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla allt að 500 tonn af úrgangi á ári. (Verður töluliður 51 í nýjum viðauka)

8.9 Endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs. (Verður töluliður 14 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

9.1 Virkjanir og orkuveitur: (Verður töluliður 81 í nýjum viðauka)

a. 2–10 MW,

b. 10–50 MW,

c. yfir 50 MW, sem ekki eru brennslustöðvar,

d. jarðvarmavirkjanir á háhitasvæðum yfir 50 MW.

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

9.4 Líkbrennslur. (Verður töluliður 45 í nýjum viðauka)

9.5 Skotvellir. (Verður töluliður 62 í nýjum viðauka)
9.6 Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús og þess háttar. (Verður töluliður 61 í nýjum viðauka)
(Starfsleyfisskylda fellur niður)

9.8 Þvottahús. (Verður töluliður 84 í nýjum viðauka)

9.9 Saltvinnsla. (Verður töluliður 58 í nýjum viðauka)

9.10 Gasbirgðastöðvar. (Verður töluliður 29 í nýjum viðauka)

9.11 Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest. (Verður töluliður 47 í nýjum viðauka)

9.12 niðurrif skipa. (Starfsleyfisskylda fellur niður) (Verður töluliður 14 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(kaflaheiti fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

10.2 Notkun seyru til landgræðslu og skógræktar. (Verður töluliður 48 í nýjum viðauka)

10.3 Áburðarframleiðsla úr lífrænum efnum (t.d. þurrkaður hæsnaskítur o.fl.). (Verður töluliður 13 í nýjum viðauka)

10.4 Jarðborun. (Verður töluliður 40 í nýjum viðauka)

10.5 Flugeldasýningar. (Verður töluliður 17 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

10.8 Niðurrif húsa og annarra bygginga. (Verður töluliður 54 í nýjum viðauka)

(Viðauki IV og V sameinaðir í einn viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Baðstofur og gufubaðstofur. (Verður töluliður 69 í nýjum viðauka, einnig töluliður 1)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Dvalarheimili. (Verður töluliður 6 í nýjum viðauka)

Dýragarðar. (Verður töluliður 7 í nýjum viðauka, starfsleyfisskylda dýrasýninga fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Dýralæknastofur. (Verður töluliður 8 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Dýraspítalar. (Verður töluliður 9 í nýjum viðauka)

Fangelsi og fangagæsla. (Verður töluliður 15 í nýjum viðauka)

Fjallaskálar, nema sæluhús. (Verður töluliður 16 í nýjum viðauka)

Fótaaðgerðastofur. (Verður töluliður 68 í nýjum viðauka) (Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Gististaðir að undanskilinni heimagistingu. (Verður töluliður 30 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Gæsluvellir og opin leiksvæði. (Verður töluliður 44 í nýjum viðauka)

Götuleikhús og tívolí. (Verður töluliður 61 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Heilsugæslustöðvar. (Verður töluliður 32 í nýjum viðauka)

Heilsuræktarstöðvar. (Verður töluliður 33 í nýjum viðauka)

. (Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr. (Verður töluliður 36 í nýjum viðauka)

Íþróttahús. (Verður töluliður 37 í nýjum viðauka)

Íþróttamiðstöðvar. (Verður töluliður 38 í nýjum viðauka)

Íþróttavellir. (Verður töluliður 39 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Leikskólar. (Verður töluliður 43 í nýjum viðauka)

Læknastofur. (Verður töluliður 68 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Nálastungustofur. (Verður töluliður 52 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Sjúkrahús. (Verður töluliður 59 í nýjum viðauka)

Sjúkrastofnanir. (Verður töluliður 60 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Skólar og aðrir kennslustaðir fyrir börn eða sex eða fleiri fullorðna. (Verður töluliður 20 og 31 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Starfsmannabúðir. (Verður töluliður 65 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

Sundstaðir. (Verður töluliður 69 í nýjum viðauka.)

Tannlæknastofur. (Verður töluliður 70 í nýjum viðauka)

Tjald- og hjólhýsasvæði. (Verður töluliður 71 í nýjum viðauka)

Útihátíðir. (Verður töluliður 72 í nýjum viðauka)

Veitingastaðir. (Verður töluliður 74 í nýjum viðauka)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)

(Starfsleyfisskylda fellur niður)



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. október 2019
Tilvísun: 2019080275/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir - Viðaukar

Vísað er til draga að frumvarpi til breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. mál nr. 243/2019 er sett var inn í samráðsgátt 4. október 2019. Á samráðsgátt er málið á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis til umsagnar og tvö gögn meðfylgjandi, annars vegar drög að frumvarpi og hins vegar samburðarskjal með núgildandi lögum og breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi. Ekki liggur fyrir hvenær fyrirhugað er að leggja frumvarpið fyrir þingið. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur á fyrri stigum gefið umsögn um málið dags. 23. ágúst 2019 þar sem aðallega komu fram athugasemdir við viðauka III í gildandi lögum. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda að mestu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur á þessu stigi máls farið yfir þau gögn sem málinu fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

Óhjákvæmilegt er að skoða lagafrumvarpið í samhengi við drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur og þær breytingar sem boðaðar eru þar á starfsleyfis- og skráningarskyldu og hvaða starfsemi lagt er til að verði hvorki starfsleyfis- né skráningarskyld. Í ljós hefur komið á seinni stigum málsins að boðaðar breytingar munu hafa mikil áhrif á starfsumhverfi Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga (HES) sem gætu að óbreyttu haft alvarleg áhrif á öryggi almennings og umhverfis og gerir því HER verulegar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarpsdrög. HER lýsir yfir vonbrigðum og áhyggjum yfir staðhæfingum að fyrirliggjandi breytingar séu til þess fallnar að styðja við markmið laganna og fullyrðingum um einföldun fyrir atvinnulífið hvað þá almenning eins og haldið er fram í greinargerð með frumvarpinu. Það skal einnig tekið fram að boðuð breyting eykur, að mati HER, flækjustig eftirlitsaðila mikið og óvist er á þessu stigi hver kostnaðaráhrif af því verða fyrir atvinnulífið í landinu.

HER minnir á að þau fyrirtæki sem í dag falla undir starfsleyfi HES varða á einhvern hátt alla íbúa landsins á hverjum degi, s.s. skólar, sundlaugar, bifreiðaverkstæði o.fl. Því þarf að fara varlega í allar breytingar og hafa í forgrunni áhrif á almenning og umhverfi út frá hollustuháttum og vörnum gegn mengun. Enn liggur ekki fyrir kostnaðargreining vegna fyrirhugaðra breytinga. Nauðsynlegt er að hún liggji fyrir til að hægt sé að meta áhrifin út frá öllum áhrifaþáttum. HER bendir á þá skoðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til margra ára að færa eigi aukin verkefni til HES og þar með sveitarfélagsins. Það er löngu tímabært að Umhverfisstofnun auk Matvælastofnun fái svigrúm til að sinna leiðbeininga og samræmingaskyldu sinni til HES og að mati HER ættu því verkefni er varða starfsleyfi og eftirlit að vera sem mest hjá HES.

HER styður fyllilega markmið um rafræna og einfaldari stjórnsýslu. Til að það verði að veruleika þarf hins vegar einföldunin að vera raunveruleg og án þess að kostnaður aukist. HER minnir á að þegar er til rafræn gátt á island.is og var sú vinna komin í gang gangvart HES þannig að hægt var að sækja um starfsleyfi rafrænt og það síðan sent viðkomandi HES. Að fyrirtæki geti skráð sig og sinnt sínum málum gagnvart HES s.s. skrá starfsemi þar sem mögulega verður um slíkt að ræða, sækja um leyfi og skila inn gögnum í þeirri gátt, án aðkomu milliliðar sem í þessu tilviki er Umhverfisstofnun gagnvart fyrirtækjum sem verða undir eftirliti HES, að óbreyttu ætti að vera lítið mál.



Í 2. kafla greinargerðar með frumvarpinu kemur fram að tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar sé að laga misræmi milli viðauka hvað varðar tvítalningu starfsemi og verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar (UST) og HES og þannig eigi að auka skýrleika laganna. Að mati HER nær frumvarpið ekki þessu markmiði auk þess sem fyrirhugaðar breytingar geta haft viðtækar afleiðingar fyrir rekstur HES, almenning, atvinnulífið og umhverfið. Í samanburði HER á viðaukum lagafrumvarps og draga að skráningarreglugerð er mikil óvissa og óútskýrt hvernig þessar boðuðu breytingar eiga að styðja við markmið frumvarpsins.


Þær breytingar sem lagðar eru til á viðaukum laganna ganga að mati HER óskýrar á þessu stigi og er nauðsynlegt að fara í faglega undirbúningsvinnu áður en svo viðamiklar breytingar ná fram að ganga, m.a. til að ná fram markmiðum með breytingunum eins og kemur fram í greinargerð en HER tekur undir markmiðin sem slík. Í nýjum viðauka IV eru talin upp fyrirtæki sem eru starfsleyfis skyld hjá HES. Heiti fyrirtækjaflokka í viðaukanum eru ekki nógu lýsandi og gera ekki ráð fyrir nýrri starfsemi eða starfsemi sem ekki fellur beint að þessu flokkakerfi. Með því að fella út alla flokka sem taka til "annarrar sambærilegrar starfsemi" er búið að taka allan sveigjanleika úr viðaukunum. Samanburður við núgildandi viðauka IV og V í lögum leiðir í ljós að nokkuð er um breytingar á heitum á starfsemisflokkum sem m.a. draga úr svigrúmi til að finna starfsemi stað undir starfsemisflokkum í viðaukunum. Áður hefur komið fram hjá starfsmönnum UAR að sé starfsemi ekki að finna í viðaukum við löginn sé hún hvorki starfsleyfis né eftirlitsskyld. Hér er ekki ætlunin að vera með tæmandi lista yfir starfsemi sem bæta þarf við í tillögu að nýjum viðauka IV en frekar að benda á að listinn eins og hann lítur út er ekki fullnægjandi og þarfnast betri yfirferðar m.a. til að opna fyrir sveigjanleika til að mæta starfsemi eins og hún er í dag og ekki síst til framtíðar. Sem dæmi má nefna frístundamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar sem ekki er að finna í tillögu að nýjum viðauka IV. Algerlega nauðsynlegt er að tryggja skýra aðkomu HES að slíkri starfsemi. Hana er ekki mögulegt að fella undir starfsleyfi grunnskóla í öllum tilfellum og því þarf að tiltaka starfsemina sérstaklega í viðaukanum. HER vill ennfremur benda á að boðaður gildistími reglugerðar um skráningar og frumvarps um nýjan viðauka fer ekki saman og munar þar 6. mánuðum. Það getur ekki annað en valdið ruglingi hjá rekstraraðilum og verður að gera kröfu um að gildistíminn fari saman þannig að allar breytingar gangi í gegn í á sama tíma.


Í ljósi alls ofangreinds leggur HER til að boðuðum breytingum í frumvarpi um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um skráningarskylda atvinnustarfsemi verði frestað en viðauka III í lögum nr. 7/1998 verði breytt eins og boðað var í upphafi. Það er margt sem þarf að skoða betur s.s. áhættumat og greina skv. viðurkennum aðferðum þannig að haldbær gögn styðji ákvarðanatöku. Einnig þarf að fara í að því loknu viðamiklar kynningar til hagaðila. Þá er lagt til að breyting verði gerð á lögum samhliða, þannig að seta fulltrúa Samtaka atvinnulífsins í heilbrigðisnefndum verði felld niður en í staðinn komi fulltrúi sem þurfi að hafa heilbrigðis- eða u mhverfismenntun.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekar athugasemdir við þetta mál á síðari stigum þess.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi